

Fimmtudagurinn 13. nóvember 1997 kl. 15:30

101. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 43/1997

**Kvörtun Look-O-Look yfir óréttmætum  
viðskiptaháttum Íslenskrar dreifingar hf.**

**I.**

**Málavextir og málsmeðferð**

**1.**

Með bréfi, dagsettu 11. apríl 1997, kvartar Skúli Fjeldsted hrl., f.h. fyrirtækisins Look-O-Look International B.V. yfir meintum brotum Íslenskrar dreifingar hf. á 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Í upphafi erindisins er þess getið að fyrirtækið Look-O-Look sé eigandi vörumerkjaskráningar nr. 429/1988 sem er skráning m.a. fyrir sælgæti. Orð- og myndmerkið er teikning af brosandri bangsa í grænköflóttum jakka með hatt. Nafn Look-O-Look er skráð fyrir ofan teikninguna.

Um málavexti segir í erindinu að Íslensk dreifing hafi á sínum tíma dreift sælgæti fyrir Look-O-Look hér á landi. Var sælgætið í plastpokum með viðheftum merkimiða sem bar framangreint vörumerki. Merkimiðinn er sk. höfuðkarton. Síðan segir:

*„Samstarfi aðilanna lauk og hóf Íslensk dreifing þá að misnota (sér) viðskiptavild vöru umbj. míns og brjóta vörumerkjarétt á honum með því að dreifa í stórmörkuðunum sambærilegri sælgætisvöru með merkimiðum, sem eru augljós eftirlíking af vörumerki umbj. míns... Varð umbj. minn þessa var í ársbyrjun 1994 og krafðist þess að Íslensk dreifing stöðvaði dreifingu og innkallaði vöruna og hvarf vara þessi í framhaldi af því af markaði um mitt ár 1994.*

*Nú hefur aftur orðið vart við vöru þessa í stórmörkuðum og hefur Íslensk dreifing við þetta útrekaða brot verið krafín skýringa á því og upplýsinga um það hversu mikið vörumagn hér er um að ræða. Bréfum hér að lútandi hefur*

*Íslensk dreifing engu svarað en í símtali haldið því fram að firmað hafi ekki staðið að dreifingu þessarar vöru nú. Óvíst er hversu lengi dreifing á vörunni hefur staðið yfir eftir mitt ár 1994.“*

Merkimiði, eða höfuðkarton, Íslenskrar dreifingar sem hér um ræðir er með teikningu af brosandi bangsa í rauðköflóttum jakka með hatt. Yfir teikningunni stendur Sjáðu-Sjáðu. Forsaga málsins er að Íslensk dreifing hafði, þann 24. febrúar 1994, óskað eftir skráningu þessa orð- og myndmerkis hjá Einkaleyfastofunni. Look-O-Look andmælti skráningunni og byggði rök sín á ruglingshættu við skráð vörumerki þeirra. Skráningu Íslenskrar dreifingar var hafnað en eins og segir í úrskurðinum: „er það mat Einkaleyfastofunnar að á heildina litið séu vörumerki þessi það svipuð að hætta sé á að almenningur geti ruglað þeim saman, eða í það minnsta telji að varan sem þau auðkenna sé frá sama framleiðanda.“

Í erindi Look-O-Look er rakið að fyrirtækið hafi sent verslunum og stórmörkuðum, sem selji ofangreinda vöru Íslenskrar dreifingar, bréf með þeim til-mælum að stöðva sölu á vörunum. Jafnframt óskaði Look-O-Look eftir upplýsingum um hvaðan varan kæmi og um magn vörunnar. Engin svör hafi borist frá verslunum.

Þá segir í erindinu að Look-O-Look hafi orðið vart við sælgæti frá Íslenskri dreifingu með nýjum merkimiða og telur fyrirtækið að um sé að ræða skýrt brot á vörumerkja- og samkeppnisrétti Look-O-Look. Í erindinu segir: „að myndin á umbúðunum sé greinilega gerð til að líkja eftir skráðu vörumerki umbj. míns. Einnig er heildarútlit umbúða vörunnar og upphenging hennar og framsetning í verslunum með svo svipuðum hætti og tíðkast hjá umbj. mínum, að hér er fyrrum umboðsmaður ljóslega að misnota sér þá aðstöðu sem hann komst í sem slíkur.“

Umræddur merkimiði Íslenskrar dreifingar er með teikningu af bangsa klæddum í kjól og hvítt. Bangsinn heldur á pípuhatti með kanínu í. Fyrir ofan teikninguna stendur Flott Gott. Look-O-Look hefur einnig óskað eftir því við verslanir að sölu þessarar vöru verði hætt. Fram kemur í erindinu að Íslensk dreifing hafi sótt um vörumerkjaskráningu á þessu vörumerki. Auglýsing þar að lútandi hafi birst í Vörumerkjatíðindum og sé umsóknin merkt nr. 237/1996. Look-O-Look hafi andmælt þessari skráningu m.a. á þeirri forsendu að neytendur hljóti að ætla að varan sé frá Look-O-Look. Mál þetta er óútkljáð hjá Einkaleyfastofu.

Þá segir í erindinu:

*„Það er óviðunandi og andstætt vörumerkjalögum og samkeppnisrétti að fyrrum umboðsmaður reyni að nýta sér til framdráttar þá þekkingu og aðstöðu sem hann hefur öðlast sem umboðsmaður, svo sem hér hefur gerst, með því fyrst að dreifa vöru í nauðalíkum umbúðum og síðar ívið minna líkum umbúðum í nákvæmlega sama formi og frumgerð vörunnar er og reyna þannig að yfirfæra viðskiptavild og viðskiptaverðmæti vöru umbj. m. yfir til sín.*

*Telur umbj. m. nauðsynlegt að þetta athæfi verði stöðvað þegar í stað og leyfi ég mér því f.h. Look-O-Look að kæra þetta atferli Íslenskrar dreifingar hf. til yðar með vísan m.a. til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með kröfu um bann við dreifingu og fjarlægingu vörunnar úr verslunum og ströngustu viðurlög skv. XIII kafla laganna.“*

Jafnframt krefst Look-O-Look þess að sala vörunnar verði stöðvuð og hún fjarlægð úr verslunum. Með erindinu fylgdu ýmis gögn s.s. um samskipti fyrirtækjanna við Einkaleyfastofu.

## 2.

Hinn 17. apríl 1997 var erindi Look-O-Look sent Íslenskri dreifingu til umsagnar. Svar fyrirtækisins er dagsett 23. maí sl. Þar hafnar Íslensk dreifing alfarið rökstuðningi Look-O-Look og krefst frávísunar samkeppnisráðs á málinu þar sem fyrirtækið hafi ekki brotið samkeppnislög.

Í svari Íslenskrar dreifingar kemur fram að Flott Gott hafi komið á markað í lok árs 1994. Sótt hafi verið um skráningu á orðmerkinu Flottu Gotti hjá Einkaleyfastofu þann 27. janúar 1995 og það samþykkt 27. júlí s.á. Þá er rakið samstarf Íslenskrar dreifingar og Look-O-Look og hvernig upp úr því samstarfi slitnaði.

Jafnframt eru í svarinu færð rök fyrir því að Íslensk dreifing sé ekki að brjóta samkeppnislög nr. 8/1993. Um 20. gr. samkeppnislaga og það að Íslensk dreifing sé að misnota þá reynslu sem fyrirtækið fékk við innflutning vöru Look-O-Look segir:

*„Allar þær upplýsingar sem Íslensk dreifing hefur aflað sér til að hefja framleiðslu á sínu eigin höfuðkartonakerfi eru fengnar með þrotlausum rannsóknum og markaðskönnunum hérlendis sem og erlendis...*

*Íslensk dreifing mótmælir því að höfuðkarton Íslenskrar dreifingar... sé að einhverju leyti líkt höfuðkartoni Look-O-Look... “*

Í svarinu eru þau vörumerki sem Íslensk dreifing notar borin saman við vörumerki Look-O-Look og færð rök fyrir því að þau séu ólík. Íslensk dreifing telur að ekki sé um að ræða ruglingshættu milli tegundanna m.a. þar sem Look-O-Look hafi ekki verið til sölu á Íslandi frá árinu 1991. Um brot á 21. gr. samkeppnislaga segir:

*„Íslensk dreifing er hvorki að veita rangar né villandi upplýsingar með framsetningu sinni á Flottu Gotti í verslunum á Íslandi.“*

Í svarinu kemur jafnframt fram að Íslensk dreifing sé skrásett firmanafn og skrásett vörumerki þess á Flottu Gotti og merki (logo) fyrirtækisins gefi ekki villandi upplýsingar sbr. 25. gr. samkeppnislaga.

Loks vísar Íslensk dreifing til ýmissa greina samkeppnislaga máli sínu til stuðnings. Eru þessar helstar: 1. gr. a og b liður, 4. gr., 17. gr. b liður og 27. gr.

### 3.

Hinn 27. maí sl. var framangreint bréf Íslenskrar dreifingar sent Look-O-Look til umsagnar. Svar Look-O-Look er dags. 20. ágúst 1997. Þar er lýst þeirri skoðun að flest atriði í greinargerð Íslenskrar dreifingar frá 23. maí 1997 séu kjarna málsins óviðkomandi og ekki verði á þeim byggt í málinu. Look-O-Look sjái því ekki ástæðu til þess að svara þeim í smáatriðum. Þá segir í bréfinu:

*„Þess er þó sérstaklega að geta að Íslensk dreifing nefnir máli sínu til stuðnings tvær vörumerkjaskráningar sem í raun koma málinu ekkert við. Önnur skráningin er nr. 715/1995 fyrir orðin Flott Gott og hin nr. 154/1991, mynd af, að því er virðist, arabískum þjóni, en þessar skráningar og notkun þeirra á merkimiða... í málinu breyta engu um það að heildarútlit hans er eftirlíking af skráðu vörumerki Look-O-Look.“*

Þá er áréttað að Einkaleyfastofan hafi hafnað skráningu vörumerkis Íslenskrar dreifingar merktu Sjáðu-Sjáðu.

#### 4.

Bréf Look-O-Look var sent Íslenskri dreifingu til umsagnar. Var fyrirtækinu gefinn ítrekaður frestur til 6. október sl. til að senda inn athugasemdir. Engar athugasemdir eða skýringar bárust.

## II.

### Niðurstöður

Með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, krefst fyrirtækið Look-O-Look þess að samkeppnisyfirvöld hlutist til um að bann verði sett á dreifingu á vörum Íslenskrar dreifingar. Annars vegar vörum sem merktar eru merkimiða með vörumerki sem Einkaleyfastofa hefur synjað um skráningu á. Hins vegar vörum sem merktar eru merkimiða með vörumerki sem Íslensk dreifing hefur sótt um skráningu á hjá Einkaleyfastofu en er óútkljáð þar. Jafnframt er með vísan til XIII. kafla samkeppnislaga krafist ströngustu viðurlaga. Loks er þess krafist að verslunum sem hafa vörurnar til sölu verði bönnuð sala þeirra og þeim gert að fjarlægja þær.

20. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

21. gr. hljóðar svo:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Þá segir í 25. gr.:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Í greininni felast í raun tvær efnisreglur. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. vörumerki, sem annar á. Í seinni málslið er rétturinn til að nota eigin auðkenni takamarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkennið þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. 25. gr. samkeppnislaga tekur þ.a.l. til tilvika þar sem réttur til auðkenna er óumdeildur.

Með úrskurði Einkaleyfastofunnar, frá 31. október 1994, var Íslenskri dreifingu synjað um skráningu vörumerkis með yfirskriftinni Sjáðu-Sjáðu á þeirri forsendu að vörumerkið væri of líkt skráðu vörumerki Look-O-Look. Þrátt fyrir það er óumdeilt að dreifing á sælgæti í umbúðum með merkinu er hafin á ný í nokkrum verslunum. Að mati samkeppnisráðs gefur dreifing á vöru með umræddu vörumerki, sem Einkaleyfastofan hefur hafnað skráningu á, villandi upplýsingar. Dreifing vörunnar getur valdið því að villst verði á umræddu merki og öðru sem annað fyrirtæki hefur rétt til að nota. Dreifingin telst því brot á 25. gr. samkeppnislaga. Jafnframt brýtur dreifingin í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi sbr. 20. gr. samkeppnislaga og gefur rangar og villandi upplýsingar og er ósanngjörn gagnvart keppinautum og neytendum sbr. 21. gr. samkeppnislaga enda til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn vörunnar.

Eins og fram hefur komið er jafnframt í máli þessu deilt um rétt Íslenskrar dreifingar til notkunar vörumerkis sem fyrirtækið hefur sótt um skráningu á hjá Einkaleyfastofunni. Hefur þeirri skráningu verið andmælt af hálfu Look-O-Look. Úrskurður Einkaleyfastofunnar liggur ekki fyrir. Réttarstaða til notkunar vörumerkisins er því óljós og því ekki skilyrði til beitingar 25. gr. samkeppnislaga. Af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að vísa þessum hluta kvörtunar Look-O-Look frá samkeppnisráði.

Samkeppnisráð fellst ekki á þá kröfu kvartanda að verslunum verði gert skylt að stöðva sölu vörunnar og fjarlægja hana úr verslunum. Ekki verður séð að verslanirnar hafi með sölu vörunnar á nokkurn hátt brotið gegn samkeppnislögum eða að slíkir hagsmunir séu í húfi að fallist verði á þá kröfu.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Íslenskri dreifingu hf., Bolholti 4, Reykjavík, að dreifa vörum með vörumerki því sem Einkaleyfastofan synjaði fyrirtækinu um skráningu á þann 31. október 1994.**

**Bannið tekur gildi við birtingu.**

**Verði bannið ekki virt mun samkeppnisráð beita viðurlögum XIII. kafla samkeppnislaga.**

**Þeim hluta erindisins sem varðar rétt Íslenskrar dreifingar hf. til notkunar á vörumerki sem enn er til ákvörðunar hjá Einkaleyfastofunni er vísað frá samkeppnisráði.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 18/1997](#)]*